


Lokaniðurstöður úr tilraunaverkefninu Markþjálfun fyrir 8. til 10. bekk í grunnskólum á Suðurnesjum.

Markþjálfahjartað fór af stað í haust með tilraunaverkefni sem byggðist á því að bjóða markþjálfun í 8.-10. bekk í nokkrum grunnskólum á Suðurnesjum. Markmið félagsins er að koma markþjálfun inn í skólalastarfið sem uppbyggilegu afli.

Markþjálfarnir gáfu alla vinnu sína og veittu nemendum tækifæri til að uppgötva nýjar aðferðir til að ná markmiðum sínum í daglegu lífi.

„Niðurstöðurnar komu okkur í reynd ekkert á óvart. Nemendur blómstruðu í samtölunum og nutu þess að tjá sig um sín málefni á sínum forsendum.“ segir Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir, ACC markþjálfari og talsmaður Markþjálfahjartans.

Endurgjöf nemenda var opin og umsagnir þeirra einlægar. Setningar á borð við: þau létu mann hugsa meira, vinna upp sjálfstraustið, vera góð við sjálfa mig, finna markmiðin mín, fékk meiri metnað, stundaði betur námið, opnaði sjálfan mig, varð sjálfsöruggari, gat talað upphátt um málin mín við hlutlausann aðila, eru lýsandi fyrir umsagnirnar eftir samtölin.



„Að mati okkar sem tókum þátt í verkefninu má glögg sjá á niðurstöðum að markþjálfun á brýnt erindi í skólakerfið. Þetta verkefni er sterk viðbót við það faglega starf sem þegar er unnið í skólunum og færir okkur öll nær því framúrskarandi skólaumhverfi sem við stefnum öll að“ segir Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir, ACC markþjálfari og talsmaður Markþjálfahjartans.

Allar nánari upplýsingar veitir Ásta Guðrún Guðbrandsdóttir verkefnastjóri verkefnisins í síma 866-8450 eða með því að senda henni tölvupóst á netfangið asta@evolvia.is

